

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 387. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 9. janúar 2025 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00**.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerð ungmennaráðs, dags. 26. desember 2024.
- 2) Fundargerð 148. fundar hafnarstjórnar, dags. 19. desember 2024.
- 3) Fundargerð 193. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 16. desember 2024.
- 4) Fundargerð 227. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 1. október 2024.
- 5) Fundargerðir 958. og 959. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 24. og 29. nóv. 2024
- 6) Fundargerð sameiginlegs fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga og Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 6. desember 2024.
- 7) Bréf frá HMS, dags. 3. janúar 2025, varðandi úttekt á Slökkviliði Snæfellsbæjar 2024.
- 8) Uppkast að samningi milli Snæfellsbæjar og Lionsklúbbanna í Ólafsvík, vegna fjöllumdæmisþings Lions sem fram fer dagana 25. og 26. apríl 2025.
- 9) Minnisblað bæjarstjóra, dags. 6. janúar 2025, varðandi jarðskjálfta á Vesturlandi.
- 10) Drög að samþykkt um hundahald, kattahald og annað gæludýrahald á Vesturlandi og í Kjósarhreppi.
- 11) Minnispunktar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 6. janúar 2025
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Ungmennaráðsfundur

26. desember 2024, íþróttahúsi Snæfellsbæjar kl.14:00

Á fundinum voru mættir: Hanna Imgront, Stefanía Klara Jóhannsdóttir, Kristján Mar Yilong Traustason, Emelía Hall, Halldóra Unnarsdóttir og Kristfríður Rós Stefánsdóttir, íþróttá og æskulýðsfulltrúi.

Farið var yfir verkferla ungmennaráðs og hvað skal gera.

- Verkskipting milli einstaklinga
 - Formaður, Hanna Imgront
 - Varaformaður, Stefanía Klara
 - Ritari, Kristján Mar
 - Vararitari, Emelía Hall
- Verkefni og viðburðir sem ungmennaráðið getur séð um, það sem ungmennaráðið á að sjá um og hvað ungmennaráðið hefur gert í gegnum tíðina.

Páskabingó

- Redda vinningum, bóka Klifíð, Bingóspjöld og sjoppa.
- Áætlað í apríl fyrir páska 2025
- Ungmennafélagið Víkingur Reynir mun taka þátt í páskabingóinu og sjá um Sjoppu og útvega vinningum, eða Félagsmiðstöðin AFDREP.

Önnur verkefni:

- Ball fyrir miðstigið (5.-7. Bekkur) í samstarfi við ungmennaráð á Snæfellsnesi.
- Skipuleggja næsta fund, hafa hann helst á miðvikudögum að kvöldi til v/ vinnu og æfinga.

Fundi slitið kl.14:30

148. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn fimmtudaginn 19.12. 2024, kl. 18.00 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar Klettsbúð 4, Hellissandi.

Mættir: Jón Bjarki Jónatansson formaður,
Heiðar Magnússon,
Bárður Guðmundsson,
Tinna Ýr Gunnarsdóttir,
Ægir Ægisson,
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Formaður setti fundinn.

1. Bréf frá bæjarritara dags. 15.11. 2024, varðandi samþykkt bæjarstjórnar á fundargerð 147. fundar hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.
2. Bréf bæjarritara til Bárðar Guðmundssonar dags. 15.11. 2024, varðandi kosningu hans sem aðalmanns í hafnarstjórn í stað Viktoríu Kr. Guðbjartsdóttur. Lagt fram til kynningar.
3. Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 466 dags. 23.10. og nr. 467 dags. 11.11. 2024. Lagt fram til kynningar.
4. Gjaldskrá hafnarsjóðs fyrir árið 2025. Hafnarstjóri kynnti gjaldskrána og fór yfir helstu liði hennar. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
5. Fjárhags og framkvæmdaáætlun hafnarsjóðs fyrir árið 2025. Hafnarstjóri kynnti áætlunina og fór yfir helstu liði hennar. Fjárhags og framkvæmdaáætlunin samþykkt samhljóða.
6. Samkomulag um fjármögnun á nýju björgunarskipi. Hafnarstjóri kynnti samkomulag að upphæð kr. 13.200.000.- á milli Hafna Snæfellsbæjar og Snæfellsbæjar annars vegar og Björgunarbátasjóðs Snæfellsness hins vegar, um fjármögnu á Björgu, nýju björgunarskipi fyrir Breiðafjörð sem verður með heimahöfn í Rífi. Verður upphæðin greidd Björgunarbátasjóðnum með jöfnum greiðslum á fimm ára tímabili. Lagt fram til kynningar.
7. Hafnarstjóri kynnti stöðu framkvæmda varðandi dýpkun við Trébryggjuna við Norðurtanga í Ólafsvík.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.32

Fundargerð ritaði: Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Jón Bjarki Jónatansson formaður,
Bárður Guðmundsson,
Heiðar Magnússon,
Ægir Ægisson,
Tinna Ýr Gunnarsdóttir,
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.



193. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn á Teams 16. desember 2024 og hófst hann kl. 16.

Mætt: Kristinn Hallur Sveinsson, Auður Kjartansdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Birkir Snær Guðlaugsson, Sigurhanna Ágústa Einarsdóttir, Skúli Hreinn Guðbjörnsson og Trausti Gylfason.

Dagskrá

1. Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndar.

- 1.1 Straumhvarfi ehf. sækir um færslu gilds starfsleyfis á nýjan rekstraraðila vegna starfsemi á og við Langjökul. Fyrri rekstraraðili var In to the Glacier ehf. Leyfið var upphaflega gefið út 13. nóvember 2019 og gildir í 12 ár. Leyfið var yfirfært 21. október 2024.
- 1.2 Bifreiðarstöð Þ.Þ.Þ ehf. sækir um leyfi fyrir flutningi spilliefna. Leyfið var auglýst á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins í 4 vikur. Engar athugasemdir bárust. Leyfið var gefið út 30. október 2024 og gildir í 12 ár.
- 1.3 N1 ehf. sækir um endurnýjað starfsleyfi fyrir hjólbarðaverkstæði á Dalbraut 14 á Akranesi. Leyfið var auglýst á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins í 4 vikur. Engar athugasemdir bárust. Leyfið er tímabundið frá 31. október 2024 til 1. janúar 2027 þegar starfsemin á að flytjast annað.
- 1.4 Kleif slf. sækir um breytingu á starfsleyfi fyrir gististað fyrir 20 gesti, í Eilífsdal í Kjós. Leyfið var upphaflega gefið út 1. janúar 2019 og gildir til 12 ára.
- 1.5 Gerða Arndal Kristjánsdóttir sækir um leyfi fyrir rekstur snyrtistofu á Sandholti 28 í Ólafsvík. Leyfið var gefið út 15. nóvember 2024 og gildir í 12 ár.
- 1.6 Mýranaut ehf. sækir um starfsleyfi fyrir smáframleiðslu matvæla í eldhúsi í Grunnskóla Borgarness. Leyfið var gefið út 19. nóvember 2024 og er ótímabundið.
- 1.7 Brúarás ehf. sækir um leyfi fyrir rekstur samkomustaðar með veitingum í félagsheimilinu Brúarási. Leyfið var gefið út 18. nóvember 2024 og gildir í 12 ár.
- 1.8 Vatnsveitufélag frístundalóðaeigenda Indriðastaðalandi sækir um leyfi fyrir vatnsveitu í stærðarflokknum 151-500 íbúa, í frístundabyggðinni á Indriðastöðum í Skorradal. Leyfið var gefið út 20. nóvember 2024 og er ótímabundið.
- 1.9 Tekkur ehf. sækir um starfsleyfi fyrir gististað með tveimur frístundahúsum, á Innri Látravík við Grundarfjörð. Fjöldi gesta er 8. Leyfið var gefið út 27. nóvember 2024 og gildir í 12 ár.
- 1.10 Ingibjörg Norberg sækir um nýtt leyfi til reksturs gististaðar í frístundahúsinu Jaðar 16 á Arnarstapa. Fjöldi gesta er 6. Leyfið var gefið út 28. nóvember 2024 og gildir í 12 ár.

- 1.11 Sigrún Hjartardóttir sækir um endurnýjað leyfi til reksturs líkamsræktarstöðvar, Heilsuhof, á Hátúni við Kleppjárnsreyki. Leyfið var gefið út 29. nóvember 2024 og gildir í 12 ár.
- 1.12 Akraneskaupsstaður sækir um endurnýjað leyfi til reksturs; sundlaugar, íþróttahúss og líkamsræktarstöðvar á Jaðarsbökkum. Leyfi var gefið út 29. nóvember 2024 og gildir í 12 ár.
- 1.13 Camp2 ehf. sækir um breytt leyfi fyrir gististað, og samkomusal með veitingaeldhúsi á Efra Nesi Borgarbyggð. Leyfið var gefið út 11. nóvember 2024 og gildir til 12 ára.
- 1.14 KAPP Skaginn ehf. sækir um færslu gilds starfsleyfis yfir á nýjan rekstraraðila fyrir starfsemi vélsmiða- og vélaviðgerðarverkstæði á Bakkatúni 30 og Krókatúni 22-24. Fyrri rekstraraðili var Skaginn 3X. Leyfið var upphaflega gefið út 5. september 2018 og gildir í 12 ár.
- 1.15 Litli Kútur ehf. sækir um nýtt leyfi til reksturs gististaðar í frístundahúsi að Birkilundi 10, Helgafellssveit. Fjöldi gesta er 5. Leyfi var gefið út 10. desember 2024 og gildir í 12 ár.
- 1.16 Málmaendurvinnslan ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir söfnun og meðhöndlun brotamálms fyrir 1500 tonnum af brotamálmi að Höfðaseli 16, Akranesi. Starfsleyfið var auglýst á vef eftirlitsins frá 26. september til 24. október 2024. Engar athugasemdir bárust. Leyfið var gefið út með starfsleyfissskilyrðum 16. desember 2024 og gildir í 12 ár.

Lagt fram.

2. Starfsemi sem hefur fengið staðfesta skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur skv. lögum nr. 7/1998.

- 2.1 Soffanías Cecilsson ehf, Borgarbraut 1, Grundarfirði. Staðfest skráning fyrir starfsemi með vinnslufisks og annara sjávarafurða, 22. nóvember 2024. Skráningarnúmer 457850.
- 2.2 Hilmir Valsson, Berugata 12, Borgarnesi. Staðfest skráning fyrir tannlæknastofu. Skráningarnúmer 478757.
- 2.3 MogM ráðgjöf og nudd ehf. Borgarbraut 61, Borgarnesi. Staðfest skráning fyrir nuddstofu. Skráningarnúmer 339367.
- 2.4 Björgunarsveitin Lífsbjörg Hellissandi. Staðfest skráning fyrir flugeldasýningu 31. desember 2024. Skráningarnúmer 479681.
- 2.5 Björgunarsveitin Ósk, Dalabyggð. Staðfest skráning fyrir flugeldasýningu í Búðardal 31. desember 2024. Skráningarnúmer 480666.
- 2.6 Lionsklúbbur Ólafsvíkur. Staðfest skráning fyrir flugeldasýningu í Ólafsvík 6. janúar 2024. Skráningarnúmer 483795.

Lagt fram.

3. Tóbakssöluleyfi

Samkaup hf. sækir um endurnýjað leyfi fyrir tóbakssölu í Nettó í Borgarnesi. Leyfið gildir frá 28. október 2024 í 4 ár.

Lagt fram.

4. Umsagnir

Umsagnir til sýslumanns um eftirfarandi umsóknir um rekstrarleyfi

- 4.1 Kleif slf. sækir um breytt leyfi til reksturs gistingar, minna gistiheimili, í Eilífsdal í Kjós. Um er að ræða viðbót við húsakost fyrir gistingu á staðnum. Gestafjöldi 20 gestir. Jákvæð umsögn var send 6. nóvember 2024.
- 4.2 Brúarás ehf. sækir um endurnýjað rekstrarleyfi fyrir veitingastað í félagsheimilinu Brúarási. Jákvæð umsögn var send 20. nóvember 2024.
- 4.3 Tekk ehf sækir um nýtt leyfi til reksturs gististaðar, 2 frístundahús, á Innri Látravík við Grundarfjörð. Fjöldi gesta er 8. Jákvæð umsögn var send 27. nóvember 2024.
- 4.4 Ingibjörg Norberg sækir um nýtt leyfi til reksturs gististaðar í frístundahúsinu Jaðar 16 á Arnarstapa. Fjöldi gesta er 6. Jákvæð umsögn var send 28. nóvember 2024.
- 4.5 Camp2 ehf, Efra Nesi sækir um breytt rekstrarleyfi fyrir samkomusal með veitingaeldhúsi ásamt leyfi fyrir gististað með áfengisveitingum. Jákvæð umsögn var send 5. desember 2024.
- 4.6 Litli Kútur ehf. sækir um nýtt leyfi til reksturs gististaðar í frístundahúsi að Birkilundi 10, Helgafellssveit. Fjöldi gesta er 5. Jákvæð umsögn var send 10. desember 2024.

Umsagnir til sýslumanns tækifærisleyfi um eftirfarandi umsóknir

- 4.7 Bax ehf. sótti um tækifærisleyfi sem viðbót við gildandi rekstrarleyfi vegna aukins gestafjölda, vegna skemmtunar 26. október s.l. – Sviðaveisla og dansleikur,- á Dalahótelu Laugum Sælingsdal. Jákvæð umsögn var send 22. október 2024.
- 4.8 Knattspyrnufélags Í.A. sótti um tækifærisleyfi til áfengisveitinga vegna Lokahófs 26. október s.l. í íþróttahúsinu Jaðarsbökkum. Jákvæð umsögn var send 22. október 2024.
- 4.9 Fjölbrautaskóli Vesturlands sótti um tækifærisleyfi fyrir skóladansleik í sal skólans 7. nóvember s.l. Jákvæð umsögn var send 1. nóvember 2024.
- 4.10 Ungmennafélagið Dagrenning sótti um tækifærisleyfi fyrir hagræðingasamkomu 16. nóvember s.l í félagsheimilinu Brautartungu í Lundareykjadal. Jákvæð umsögn send 11. nóvember 2024.
- 4.11 Karlakórinn Söngbræður sótti um tækifærisleyfi vegna Þorrablóts í félagsheimilinu Þinghamri, Varmalandi, 11. janúar 2025. Jákvæð umsögn var send 6. desember 2024.
- 4.12 Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir sótti um tækifærisleyfi og tímabundið áfengisleyfi vegna samkomu í Grímshúsi í Borgarnesi 13. og 14. desember s.l. Jákvæð umsögn var send 5. desember 2024.
- 4.13 Ungmennafélag Reykdæla sótti um tækifærisleyfi fyrir samkomu – kótilettu- og kántrý kvöld í félagsheimilinu Logalandi 23. nóvember s.l. Jákvæð umsögn var send 22. nóvember 2024.
- 4.14 Félagsmiðstöðin Óðal sótti um tækifærisleyfi fyrir æskulýðsball í Hjálmakletti 21. nóvember s.l. Jákvæð umsögn var send 11. nóvember 2024.

- 4.15 Nemendafélag Menntaskóla Borgarfjarðar sótti um tækifærisleyfi í tilefni að skóladansleik í Hjálmakletti 24. október s.l. Jákvæð umsögn var send 17. október 2024.
- 4.16 Hátíð í bæ ehf – Hvanneyri Pub., sótti um tækifærisleyfi sem viðbót við gildandi rekstrarleyfi vegna lengri opnunartíma 31. október s.l. Jákvæð umsögn var send 22. október 2024.

Lagt fram.

5. Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál

Snæfellsbær.

- 5.1 Nýtt deiliskipulag í landi Litlu-Tungu Staðarsveit. Mál nr. 857/2024. Umsögn send 22. október 2024.
- 5.2 Breyting á Aðalskipulagi Snæfellsbæjar vegna breyttrar landnotkunnar við Dalbrekku í Ólafsvík. Umsögn send 31. október 2024.
- 5.3 Nýtt deiliskipulag við Dalbrekku í Ólafsvík. Umsögn send 1. nóvember 2024.

Borgarbyggð.

- 5.4 Breytt Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2032 vegna breyttrar landnotkunnar á Hraunsási III. Mál nr. 599/2024. Umsögn var send 7. nóvember 2024.
- 5.5 Endurskoðun Aðalskipulags Borgarbyggðar 2025-2037. Umsögn var send 13. nóvember 2024. Mál nr. 242/2023
- 5.6 Lýsing á breytingum á Aðalskipulagi Borgarbyggðar vegna Brekkukots. Umsögn var send 4. desember. Mál nr. 1401/2024.
- 5.7 Umsögn um breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 vegna Efra-Ness. Umsögn var send 2. desember 2024. Mál nr. 1400/2024.
- 5.8 Lýsing á deiliskipulagstillögu vegna frístundabyggðar í Eskiholtsskógi. Mál nr. 829/2023. Umsögn var send 19. nóvember 2024. Mál nr. 829/2023.

Sveitarfélagið Stykkishólmur.

- 5.9 Breyting á Aðalskipulagi Helgafellssveitar vegna Birkilunds í landi Saura og nýtt deiliskipulag fyrir Sauraland. Umsögn send 18. nóvember 2024. Mál nr. 120/2024 og nr. 941/2023.

Dalabyggð.

- 5.10 Breytt deiliskipulag fyrir íbúðasvæði, Hvammar, í Búðardal. Umsögn var send 9. desember 2024. Mál nr. 1291/2024.
- 5.11 Nýtt deiliskipulag fyrir jörðina Skoravík á Fellströnd. Umsögn var send 11. desember 2024. Mál nr. 1313/2024

Kjósarhreppur.

- 5.12 Umsögn um nýtt deiliskipulag, frístundabyggðar og íbúðarlóðar við Meðalfellsvatn. Mál nr. 1165/2024. Umsögn var send 19. nóvember 2024.

Hvalfjarðarsveit.

- 5.13 Auglýsing að breyttu Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 vegna stækkunar á Hólabrúarnámu. Umsögn var send 28. nóvember 2024. Mál nr. 1298/2024.
- 5.14 Nýtt deiliskipulag vegna Hafnarlands – Lísborgir. Umsögn varv send 20. nóvember 2024. Mál nr. 450/2024.

Skipulagsstofnun.

- 5.15 Umsögn um kynningu á umhverfismatskýrslu vegna Holtavörðulínu 1. Umsögn var send 29. nóvember 2024. Mál nr. 1187/2024.

Lagt fram.

6. Ný samþykkt um gæluðýrahald á Vesturlandi og í Kjósarhreppi

Lögð fram drög að nýrri samþykkt um gæluðýrahald á Vesturlandi og í Kjósarhreppi. Heilbrigðisnefnd samþykkir að senda drög að samþykkt um ofangreint efni til kynningar og umsagna til sveitarfélaga á Vesturlandi og í Kjósarhreppi.

7. Tillaga að vöktunaráætlun fyrir viðtaka fráveituvatns frá hreinsistöð Veitna í Brákarey.

Í starfsleyfi fyrir Hreinsistöð Veitna Brákarey er kveðið á um að unnin sé vöktunaráætlun. Lögð var fram tillaga Veitna að vöktunaráætlun dagsett 20. október 2024. Vöktunaráætlun er samþykkt.

8. Samningur við Matvælastofnun um framsal eftirlits.

Lagður fram undirritaður samningur milli Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands um framsal eftirlits í samræmi við 22. gr. laga, nr. 93/1995, um matvæli dagsettur 14. nóvember 2024. Samningurinn var lagður fram og kynntur.

9. Nýjar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um gerð áhrifamats fyrir vatnshlot.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að gefnar hafa verið út leiðbeiningar um það hvernig eigi að bera sig að við mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Öll leyfi sem eru gefin út eiga að vera í samræmi við lögin og þá stefnumörkun sem sett er fram í vatnaáætlun skv. 28. gr laganna. Það þýðir að ef að framkvæmd eða starfsemi hefur bein eða óbein áhrif á vatn þarf að gera áhrifamat fyrir vatnshlotið. Leiðbeiningar eru fyrir framkvæmdaaðila, rekstraraðila, ráðgjafa, rannsóknaraðila og sveitarfélög um það hvernig eigi að bera sig að við gerð matsins. Áhrifamatinu er ætlað að undirbyggja ákvarðanir um útgáfu leyfa þar sem tiltekna framkvæmdir eða starfsemi hefur áhrif á vatn og lagalega bindandi umhverfismarkmið þeirra.

Hlekkur á leiðbeiningarnar: <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/ahrifamat-fyrir-vatnshlot/>

10. Starfsmannamál

Tilkynnt að búið er að ráða í stöður heilbrigðisfulltrúa Þorbjörgu Valdísi Kristjánsdóttur, líffræðing og Arnór Vilhjálmsson matvælafræðing í stað Aðalbjargar Aðalbjörnsdóttur og Kristínu Elísabetu Halldórsdóttur sem hafa sagt starfi sínu lausu.

Heilbrigðisnefnd þakkar Aðalbjörgu og Kristínu Elísabetu vel unnin störf og óskar þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Fundi slitið kl: 17:05



BREIÐAFJARÐARNEFND

227. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 1. október 2024, á Teams

Mætt frá Breiðafjarðarnefnd: Erla Friðriksdóttir formaður, Valdís Einarsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Arnheiður Jónsdóttir, Karl Kristjánsson, Arnar Kristjánsson og Sigurður Halldór Árnason.

Forföll: Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.30.

1. Fundargerð 226. fundar Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 226. fundar nefndarinnar, sem var haldinn á Teams 9. september 2024.

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

2. Melrakkaey í Sveitarfélaginu Stykkishólmi – endurbygging hjalls

Breiðafjarðarnefnd hefur fengið beiðni um umsögn frá landeigenda Melrakkaeyjar vegna áforma um endurbyggingu hjalls á eyjunni.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi umsagnarbeiðni og ákvað að leita til Skipulagsstofnunnar til að skýra hvaða lög og reglugerðir gilda um Melrakkaey almennt, og fyrirhugaða framkvæmd sérstaklega, vegna staðsetningar eyjarinnar innan verndarsvæðis Breiðafjarðar.

3. Umsögn vegna breytingar aðalskipulags vegna Króksfjarðarness og Geirdals í Reykhólahreppi

Breiðafjarðarnefnd fékk umsagnarbeiðni frá Reykhólahreppi vegna breytingar á aðalskipulagi fyrir Króksfjarðarnes og Geirdal. Nefndin ræddi umsögn á síðasta fundi og skilaði henni 29. september.

Afgreiðsla:

Umsögnin sem samþykkt var í tölvupósti á milli funda og send fyrir tilskilinn umsagnarfrest, var lögð fram til kynningar.

4. Umræða um stöðu verkefna Breiðafjarðarnefndar 2024

Breiðafjarðarnefnd vinnur nokkur verkefni á árinu.

Afgreiðsla:

Farið var yfir þau verkefni nefndarinnar sem eru í ferli og rætt um önnur verkefni fram undan á árinu 2024.



5. Endurheimt Hraunsfjarðar – staða verkefnis

Breiðafjarðarnefnd hefur haft í undirbúningi mögulega endurheimt Hraunsfjarðar á Snæfellsnesi síðan 2023 og m.a. rætt við ráðuneyti og ráðherra. Nefndin vinnur áfram að verkefninu og undirbýr fund með landeigendum.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi áfram áætlun fyrir verkefnið og fund með landeigendum, sem nefndin stefnir á að halda á næstu mánuðum.

6. Skýrsla Vestfjarðastofu – Þjóðgarðar á Vestfjörðum

Vestfjarðastofa birti í ágúst 2024 skýrsluna „Þjóðgarðar á Vestfjörðum - sóknarfæri í byggðapróun“. Í skýrslunni eru skoðaðir þeir möguleikar sem hafa verið nefndir í umræðunni um þjóðgarða á Vestfjörðum með tilliti til fyrirliggjandi þátta. Farið er yfir hvað ólíkar tegundir friðunar fela í sér og hvað þarf að vera til staðar svo svæði geti orðið þjóðgarður. Skoða má skýrsluna á heimasíðu Vestfjarðastofu [hér](#).

Afgreiðsla:

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar lagði fram til kynningar kafla 6 um Breiðafjarðarþjóðgarð.

7. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður staðfundur þann 22. nóvember 2024, kl. 14.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.45.

Fundargerð 958. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, sunnudaginn 24. nóvember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Margrét Ólög A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Hildur Björnsdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir boðuðu forföll en ekki gafst tími til að boða varafulltrúa.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Bjarni Ómar Haraldsson og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Staða kjaramála - 2406015SA

Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjaramála en fyrir fundinn hélt Sambandið samráðsfund með framkvæmdastjórum sveitarfélaga. Var sérstaklega rætt um yfirlýsingu Kennarasambands Íslands um mögulega aflýsingu verkfalla í leikskólum. Unnið er að lausn deilunnar undir forystu Ríkissáttasemjara.

Fundi var slitið kl. 13:00.

Fundargerð 959. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 29. nóvember kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Bjarni Ómar Haraldsson, Berglind Eva Ólafsdóttir, Helgi Aðalsteinsson, Margrét Sigurðardóttir, Kolbeinn Guðmundsson og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Kjaraviðræður - 2406015SA**

Formaður Samninganefndar gerði grein fyrir stöðu í kjaraviðræðum við Kennarasamband Íslands og lagði fram tillögu að samkomulagi milli aðila.

Samþykkt samhljóða að gangast að miðlunartillögu ríkissáttasemjara sem miðar að því að fresta verkföllum út janúar 2025 og að tíminn verði nýttur til að ganga frá kjarasamningnum.

Fundi var slitið kl. 08:50

DIGITAL SIGNATURE Katrín Sigurjónsdóttir Reason: Signature 27.12.2024 11:30:49 GMT	DIGITAL SIGNATURE Björn Ingimarsson Reason: Signature 27.12.2024 11:32:16 GMT	DIGITAL SIGNATURE Kristinn Jónasson Reason: Signature 27.12.2024 11:34:27 GMT	DIGITAL SIGNATURE Guðmundur Haukur Jakobsson Reason: Signature 27.12.2024 12:09:21 GMT
DIGITAL SIGNATURE Íris Róbertsdóttir Reason: Signature 27.12.2024 13:04:11 GMT	DIGITAL SIGNATURE Jónína Brynjólfsdóttir Reason: Signature 28.12.2024 10:13:22 GMT	DIGITAL SIGNATURE Kristinn Andersen Reason: Signature 28.12.2024 14:43:40 GMT	DIGITAL SIGNATURE Knútur Emil Jónasson Reason: Signature 29.12.2024 08:33:07 GMT
DIGITAL SIGNATURE Ísleifur Jónasson Reason: Signature 30.12.2024 12:31:44 GMT	DIGITAL SIGNATURE Ása Valdís Árnadóttir Reason: Signature 30.12.2024 12:31:44 GMT	DIGITAL SIGNATURE Gerður Björk Sveinsdóttir Reason: Signature 30.12.2024 12:31:44 GMT	

Fundargerð sameiginlegs fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga og Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum.

Árið 2024, 6. desember kl. 08:15 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga og Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Knútur Emil Jónasson, Kristinn Andersen, Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir, Katrín Sigurjónsdóttir, Jónína Brynjólfsdóttir og Gerður Björk Sveinsdóttir.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson og Gréta Mar Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta var tekið fyrir:

Dagskrá:

- Umræður um samleiðaraáhrif beggja samtaka og hvaða leiðir er hægt að fara.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga og Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum ræddu um samlegðaráhrifa samtakanna. Orkumálin eru umfangsmikil og flókin, með fjölmörgum verkefnum sem þarf að leysa. Það er því nauðsynlegt að vinna saman og samræma aðgerðir. Samtökin voru sammála um mikilvægi þess að horfa á heildarmyndina og hafa skýra og sterka framtíðarsýn í orkumálum.

- Kynning frá Önnu Jonna Ármannsdóttur og Kristu Hannesdóttur hjá Íslensku Gagnavinnslnni í tengslum við sólarorkuver í stærri skala og hvernig þetta hefur áhrif á sveitarfélög í framtíðinni.

Í kynningunni voru meðal annars sýnd dæmi um uppsetningu sólarsella erlendis, þar sem þær eru nýttar bæði meðfram ræktun og á opnum svæðum í náttúrunni. Fjallað var um áhrif sólarsella sem orkugjafa og að orkusöfnun sem þessi samræmdist jákvæðri sjálfbærni nýtingu orkuauðlinda. Auk þess var bent á að efnisvinnsla orkunnar valdi tiltölulega litlu jarðraski og að grindurnar, sem unnið væri með, séu úr umhverfisvænum efnum.

Þær lögðu áherslu á að draga þurfi verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda á næstu fimm árum, ef Ísland á að ná loftslagsmarkmiðum Evrópusambandsins. Náist þessi markmið ekki, gæti Ísland þurft að kaupa kolefnishlutlausu orku af öðrum þjóðum.

Staðan á Íslandi er áberandi frábrugðin Danmörku, þar sem hvatakerfi og ívilnanir styðja við framleiðslu á sólarorku. Á meðan Danir leggja mikinn kraft í að fjölga sólarorkustöðvum, hefur fjöldi slíkra stöðva verið að minnka á Íslandi, meðal annars vegna neikvæðs viðhorfs gagnvart staðsetningu þeirra í sveitarfélögum.

Sólarorka krefst vissulega pláss, en hægt er að koma henni fyrir víðast hvar. Efnin sem notuð eru í framleiðslu sólarorkubúnaðar eru auðveldlega endurnýtanleg, sem styrkir sjálfbærni hennar. Sólarorkustöðvar henta vel í nærsamfélögum, ólíkt vindorkuverum sem oft eru staðsett fjarri byggð eða út á hafi, er haft eftir orðum kynna.

Anna Jonna Ármannsdóttir og Krista Hannesdóttir starfsmenn Íslensku Gagnavinnslu véku af fundi eftir þennan lið.

3. Kynning frá Silju Rán Steinberg Sigurðardóttur aðstoðarforstjóra hjá Rarik um jöfnun raforkuverðs.

Í kynningunni var fjallað um núverandi kerfi sem miðar að því að jafna dreifbýliskostnað við dreifingu raforku. Markmið laganna er að tryggja jafnan kostnað til almennra notenda. Í kerfinu greiða allir notendur, að undanskildum stórnotendum, ákveðið jöfnunargjald, sem margir telja ósanngjarnt. Ráðuneytið hyggst hefja endurskoðun á þessu kerfi.

Rarik hefur bent á að fjárhæð niðurgreiðslunnar hafi ekki aukist milli ára og sé lægri en sett markmið stjórnvalda gera ráð fyrir. Fyrir heimili á hitaveitusvæðum er jöfnunarhlutfallið nú um 70%.

Silja Rán Steinberg Sigurðardóttir aðstoðarforstjóri hjá Rarik vék af fundi eftir þennan lið lið.

Gerður Björk Sveinsdóttir vék af fundi kl 9:55

4. Umræður hjá stjórnunum um næstu skref.

Umræða var tekin um næstu skref hjá samtökunum. Ákveðið að skoða áfram hvar samtökin geta unnið saman.

Stjórnir beggja samtaka samþykktu samhljóða eftirfarandi ályktun:

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga og stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum hvetja nýkjörna þingmenn til að tryggja raforkuöryggi í landinu, þ.e. tryggja aðgengi að orku á sanngjörnu verði.

Samtökin telja að skipta verði orkumarkaðnum upp í tvo samkeppnismarkaði þar sem annar er fyrir almenning, sveitarfélög í landinu og minni fyrirtæki og hinn verði stórnotendur.

Nú þegar orkuverð fer hækkandi þarf að tryggja heimilum raforkuöryggi með lögum. Huga þarf sérstaklega að rafkynntum svæðum.

Fundi slitið kl. 10:02



Snæfellsbær
B.t. Sveitarstjórn Snæfellsbæjar
Klettabúð 4
360 Snæfellsbær

Sauðárkrókur, 3. janúar 2025

Efni: Úttekt á Slökkviliði Snæfellsbæjar 2024

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) tryggir samræmingu eldvarnareftirlits og slökkvistarfs um land allt. Í því skyni skal stofnunin gera sjálfstæðar athuganir og úttektir með því að leiðbeina sveitarstjórnnum um þær kröfur sem gerðar eru til eldvarnareftirlits og starfsemi slökkviliða samkvæmt 6. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000.

HMS framkvæmdi úttekt á Slökkviliði Snæfellsbæjar þann 25. september 2024. Markmiðið var að staðreyna hvort framkvæmd starfs slökkviliðsins væri í samræmi við lög um brunavarnir, reglugerðum settum á grundvelli þeirra og brunavarnaáætlun sveitarfélagsins og koma á framfæri leiðbeiningum til sveitarstjórnarinnar um það sem betur mætti fara eftir því sem við á.

Til samræmis við áskilnað í 6. gr. laga um brunavarnir var leitað umsagnar slökkviliðsstjóra við úttektina. Tekið var tillit til athugasemda hans við niðurstöðu úttektarinnar. Hjalagt fylgir niðurstaða og leiðbeiningar um þau atriði sem þarfnast úrbóta. HMS leggur til við sveitarstjórn að ráðist verði í nauðsynlegar úrbætur og er þess óskað að HMS berist svar frá sveitarstjórn með áætlun um úrbætur við athugasemdum stofnunarinnar.

Telji HMS að sveitarstjórn sinni ekki skyldu sinni samkvæmt lögum um brunavarnir eða reglugerðum settum samkvæmt þeim ber stofnuninni að undangenginni viðvörðun til sveitarstjómara að tilkynna það til ráðuncytis, sbr. 33. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000.

Bjarni Höskuldsson,
sérfræðingur á brunavarnasviði

Virðingarfyllst,
f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Valur Valsson,
sérfræðingur á brunavarnasviði

Afrit sent: Slökkviliðsstjóra

Úttekt á vegum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar Slökkviliði Snæfellsbæjar

25. september 2024

Úttektaraðilar: Bjarni Höskuldsson og Valur Valsson

Hér fyrir neðan eru samandregnar þær athugasemdir sem gerðar voru við úttektina. Litakóði í mati gefur til kynna alvarleika athugasemda að mati sérfræðinga HMS.



Lítið frávik



þarfnast úrbóta



Mikið frávik

Athugasemdir vegna reksturs slökkviliðs:

Atriði	Mat	Lýsing
Er slökkviliðsstjóri eða staðgengill hans ávallt á vakt/bakvakt? 7.gr. 747/2018 – Reglugerð um starfsemi slökkviliða.	Mikið frávik	Engar bakvaktir. Slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri eða stjórnandi sem uppfyllir hæfniskröfur viðkomandi slökkviliðs skal ávallt vera á vakt eða á bakvakt og til staðar á starfssvæði slökkviliðsins.
Er upplýsingum um rekstur slökkviliðs skilað til HMS fyrir 1. maí ár hvert? 8.gr. 747/2018 – Reglugerð um starfsemi slökkviliða.	Mikið frávik	Upplýsingum um rekstur slökkviliðs er ekki skilað til HMS. Með rekstri er átt við sambærilega skýrslu og gefin er árlega til sveitarfélags, þar sem dregin er saman tölfræði ársins.
Hefur framkvæmdar áætlun staðist í samræmi við brunavarnaráætlun?	þarfnast úrbóta	Áætlun hefur ekki staðist.

<p>Er nægilegt vatn og vatnsþrýstingur fyrir hendi til slökkvistarfs?</p> <p>11. gr. 75/2000: Lög um brunavarnir Lög Alþingi</p>	<p>Lítið frávik</p>	<p>Innanbæjar er nægilegt en ekki á Hellum.</p> <p>Sveitarfélögum ber að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist, t.d. úðakerfi í meiri háttar byggingum.</p>
<p>Hefur slökkvilið viðeigandi búnað og þjálfun í skyndihjálpi í samræmi við reglugerð?</p> <p>26. gr. 747/2018 – Reglugerð um starfsemi slökkviliða.</p>	<p>Þarfnast úrbóta</p>	<p>Hafa hjartastuðtæki en ekki súrefni.</p> <p>Slökkvilið skal hafa búnað og þjálfun til að geta veitt skyndihjálpi.</p>

Athugasemdir vegna þjálfunar mannskaps:

Atriði	Mat	Lýsing
Er þjálfunaráætlun til staðar	Mikið frávik	Þjálfunaráætlun er ekki til.
<p>Æfingatímar slökkviliðs.</p> <p>19. gr. 75/2000: Lög um brunavarnir Lög Alþingi</p> <p>12. gr. 1088/2013 – Reglugerð um reykköfun.</p>	Mikið frávik	Slökkviliði hefur ekki tekist að uppfylla æfingatíma í samræmi við reglugerð. Þ.e.a.s. 20 klst. í æfingar vegna almennra lögbundna verkefna. Fjöldi verklegra æfinga í reykköfun hjá slökkviliðum skal vera að lágmarki sex á hverju ári. Fimm skulu vera reykköfunaræfingar, þar af ein heit æfing. Þá skal ein æfing að lágmarki vera efnaköfunaræfing. Reykköfunartími skal að lágmarki vera þrjár klukkustundir á ári, sbr. reglugerð um reykköfun nr. 1088/2013.
Læknisskoðun?	Lítið frávik	Læknisskoðun hefur verið framkvæmd en liggur ekki fyrir í Brunagátt.
<p>Þolpróf?</p> <p>15. gr. 1088/2013 – Reglugerð um reykköfun.</p>	Þarfnast úrbóta	Sex starfsmenn hafa lokið þolprófi seinustu 12 mánuði en liggur ekki fyrir í Brunagátt.
<p>Reykköfunarréttindi?</p> <p>11. gr. 1088/2013 – Reglugerð um reykköfun.</p>	Mikið frávik	<p>Það er enginn með reykköfunarréttindi.</p> <p>Uppfylli reykkafari eða nemi í reykköfun ekki heilbrigðiskröfur við læknisskoðun eða standist ekki próf í þoli og líkamsstyrk er honum óheimilt að stunda reykköfun eða nám í reykköfun.</p>



Athugasemdir vegna reykköfunar búnaðar:

Atriði	Mat	Lýsing
Hvernig er almennt ástand reykköfunarbúnaðar? 6. gr. 1088/2013 – Reglugerð um reykköfun.	Þarfnast úrbóta	Fjögur tæki komin á tíma. Notkun reykköfunarbúnaðar sem er kominn fram yfir tilgreindan endingartíma er bönnuð.

Athugasemdir vegna eldvarnareftirlits:

Atriði	Mat	Lýsing
Er samvinna við byggingafulltrúa varðandi búsetu í atvinnuhúsnæði?	Lítið frávik	Auka þarf eftirlit með búsetu í atvinnuhúsnæði.
Fer nægjanlegur hluti af heildarframlagi sveitarfélags til slökkviliðs í forvarnir og eftirlit?	Mikið frávik	Athuga hvort aðili sem sinnir eldvarnareftirliti sé að skila gögnum og framkvæma þær skoðanir sem reglugerðir kveða á um.
Hefur verið skilað inn skýrslu til HMS um framkvæmd eldvarnareftirlits fyrir síðasta ári?	Mikið frávik	Hefur ekki verið skilað inn.
Sér slökkviliðið sjálft um eldvarnareftirlit eða er það á höndum óháðrar skoðunarstofu	Mikið frávik	Eldvarnareftirlit er á höndum óháðrar skoðunarstofu en hefur ekki skilað gögnum.

**Samningur á milli Snæfellsbæjar annarsvegar og
Lionsklúbbs Ólafsvíkur og Lionsklúbbsins Ránar hinsvegar um
Fjölumdæmisþing Lions sem haldið verður í Ólafsvík 25. og 26. apríl 2025**

Snæfellsbær leggur Lionsklúbbunum til eftirfarandi húsnæði endurgjaldslaust:

Íþróttahús Snæfellsbæjar.

Notaður verður 1/3 af íþróttasalnum á föstudeginum 25. og laugardeginum 26. apríl.
Fimmtudagskvöldið 24. apríl verður afgreiðsluborð í anddyri notað til að afhenda þinggögn, sama afgreiðsluborð verður notað til upplýsinga á föstudag og laugardag.
Skrifstofa Íþrótt- og æskulýðsfulltrúa í íþróttahúsinu verður notuð undir skrifstofu þingsins, Lionsklúbbarnir leggja til ljósritunarvél og prentara. Kristfríður Rós Stefánsdóttir hefur samþykkt þetta fyrir sitt leyti.

Grunnskóli Snæfellsbæjar í Ólafsvík

Tölvukennslustofa verður notuð í ritaraskóla á föstudeginum.
Salur skólans og ein tvöföld kennslustofa verða notuð sem matsalur.
Eldhús skólans verður notað til að elda í hádegi föstudag og laugardag og eins til að taka til morgun- og síðdegiskaffi báða dagana. Samið verður við Katrínu Hjartardóttur um umsjón með því sem fram fer í eldhúsinu þar sem að hún er þar á heimavelli.
Í anddyri skólans er ætlunin að setja upp sýningu á ýmsum munum tengdum lionshreyfingunni, hún verður sett upp seinnipart fimmtudags og tekin niður á sunnudegi.

Félagsheimilið Klifi

Æskilegt er að hafa félagsheimilið allt til umráða frá og með fimmtudegi svo að hægt sé að raða upp stólum og borðum og ganga frá skreytingum. Sú vinna verður unnin í samvinnu við húsvörð og tæknimenn hússins. Lokahóf þingsins verður á laugardagskvöldið 19.

Pakkhúsið í Ólafsvík

Fjölumdæmisstjóri Lions heldur móttöku föstudaginn 25. apríl frá ca. 18 – 20. Mikill áhugi er á að fá neðstu hæð Pakkhússins til afnota til að halda móttökuna þar.

Starfsmannamál og fleira

Lionsklúbbarnir sjá um þrif á því húsnæði sem þeir fá frá Snæfellsbæ.
Samið verður við aðila um þrif á Klifi, gert er ráð fyrir að allt sjáanlegt rusl verði fjarlæggt í íþróttahúsi, grunnskóla og Pakkhúsi af Lionsklúbbunum.

Æskilegt er að starfsmaður í íþróttahúsi verði til staðar ef eitthvað kemur uppá.
Starfsmaður kunnugur tölvukerfi grunnskólans þarf að vera til taks á föstudegi þegar nota þarf tölvustofuna og þráðlaust net. Einnig kemur til greina að búið verði að setja einhvern úr tækninefnd þingsins inn í málin.

Óskað er eftir aðstoð starfsmanna áhaldahúss við að koma upp fánaborgum.

Líklega mun þingið þurfa á að halda stólum og borðum úr Röst.

Óskað er eftir að Snæfellsbær skilgreini svæði innan Ólafsvíkur þar sem hægt er að koma fyrir húsbílum og fellihýsum.

Lionsklúbbarnir sjá um að greiða þeim starfsmönnum laun sem þarf að nota í Félagsheimilinu Klifi.

Lionsklúbbarnir setja sig í samband við forstöðumenn Snæfellsbæjar, þ.e. þá sem hafa yfirumsjón með því húsnæði sem þarf að nota og skipuleggja í samráði við þá þá dagskrá sem þar fer fram þá daga sem þingið er.

Snæfellsbær býður upp á fordrykk í andyri fyrir lokahóf.



SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Til bærarstjórnar

Tilv. 250101-01

Efni: Jarðskjálftar á Vesturlandi.


Eins og bærarstjórnarmenn hafa tekið eftir hefur verið töluverður jarðskjálftaórói á Vesturlandi upp á síðkastið.

Tel ég því nauðsynlegt að málið verði rætt í bærarstjórn.

Snæfellsbæ 06.01.2025

Kristinn Jónasson

bærarstjóri



DRÖG AÐ SAMÞYKKT

um hundahald, kattahald og annað gæludýrahald á Vesturlandi og í Kjósarhreppi.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Gildissvið.

Samþykkt þessi gildir um hundahald, kattahald og annað gæludýrahald innan lögsagnarumdæma Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar, Dalabyggðar, Eyja- og Miklaholtshrepps, Grundarfjarðarbæjar, Hvalfjarðarsveitar, Kjósarhrepps, Skorradalshrepps, Snæfellsbæjar og Sveitarfélagsins Stykkishólms og sætir þeim takmörkunum sem getið er í samþykkt þessari.

Commented [PN1]: Gert er ráð fyrir að samþykktin mu gilda í þeim sveitarfélögum sem staðfesta hana.

2. gr.

Stjórnýsla.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands hefur eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Hlutaðeigandi sveitarfélög fara með framkvæmd samþykktar þessarar í umboði heilbrigðisnefndar og geta þau ráðið sérstaka dýraeftirlitsmenn eða falið starfsmönnum sveitarfélags hlutverk eftirlitsaðila. Eftirlitsaðilar geta leitað aðstoðar heilbrigðiseftirlits, Matvælastofnunar og lögregluvalda, ef og þegar þörf krefur, t.d. ef gæludýr er talið hættulegt, vörsluadili dýrsins tálmar starfi eftirlitsaðila samkvæmt samþykkt þessari eða þegar nauðsynlegt er vegna almannahagsmuna, dýravelferðar eða heilbrigðis- og öryggissjónarmiða, að leita atbeina lögreglu við að fjarlægja dýr.

3. gr.

Dýravelferð og dýraværd.

Um almennan aðbúnað og velferð gæludýra sem og um ræktun, verslun, geymslu og leigu hunda, katta eða annarra gæludýra í atvinnuskyni gilda ákvæði laga nr. 55/2013, um velferð dýra og reglugerð nr. 80/2016, um velferð gæludýra. Samkvæmt lögnum fer Matvælastofnun með eftirlit og framkvæmd þeirra laga.

II. KAFLI

Skyldur aðila.

4. gr.

Skyldur sveitarfélaga.

Hlutaðeigandi sveitarfélög skulu halda og uppfæra skrá yfir hunda og ketti í viðkomandi sveitarfélagi. Í skránni skulu koma fram allar upplýsingar er varða skráð dýr sem dýraeftirlitsmaður telur skipta máli þ.m.t. hvenær dýrin hafa verið ormahreinsuð og öll afskipti sem eftirlitsaðilar hafa haft af dýrum og eigendum þeirra. Í kjölfar skráningar ber hlutaðeigandi sveitarfélagi að afhenda forráðamanni hunda og katta staðfestingu á að dýrið hafi verið skráð í sveitarfélaginu.

Sveitarfélög sem staðfest hafa samþykktina skulu vera með hópvátryggingu fyrir leyfða hunda og ketti. Gjald fyrir ábyrgðartryggingu er innifalið í árgjaldi og skal sveitarfélagið upplýsa umráðamenn um efni

samningsins, sbr. ákvæði IX. kafla laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Hlutaðeigandi sveitarstjórnir skulu tryggja að til staðar séu dýrageymslur sem hafa tilskilin leyfi skv. 24. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra og reglugerð nr. 80/2016 um velferð gæludýra, til vörslu hunda og katta sem þarf að fanga vegna brota á samþykkt þessari.

Hlutaðeigandi sveitarstjórn getur ákveðið að merkja ákveðin svæði þar sem ekki má vera með gæludýr, svo sem á fólkvöngum, útivistarsvæðum og skiðasvæðum. Einnig getur sveitarstjórn ákveðið að láta afmarka ákveðin svæði þar sem sleppa má gæludýrum lausum undir eftirliti. Svæði þessi skulu auglýst á vef sveitarfélagsins og kynnt sérstaklega fyrir eigendum gæludýra og almenningi.

Hlutaðeigandi sveitarstjórnir geta ákveðið að óheimilt sé að halda hunda, ketti og önnur gæludýr í húsnæði í eigu viðkomandi sveitarfélags.

5. gr.
Skyldur eftirlitsaðila.

Heilbrigðiseftirlit, lögregla og eftir atvikum aðrir starfsmenn sveitarfélags skulu tilkynna hlutaðeigandi dýraeftirlitsmönnum um kvartanir og afskipti þeirra af hundum, köttum og öðrum gæludýrum.

Dýraeftirlitsmenn leggja til við heilbrigðisnefnd að eigendur dýra séu áminntir vegna brota á samþykkt þessari, sbr. 20. gr. samþykktarinnar og halda skrá um þær tillögur.

6. gr.
Almennar skyldur gæludýraeigenda

Eigendum hunda og katta ber að skrá dýr sín hjá því sveitarfélagi þar sem þeir búa.

Eigendum hunda, katta og annarra gæludýra ber að sjá til þess að umhírða dýra þeirra sé í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2013, um velferð dýra. Einnig ber þeim að fylgja ákvæðum annarra laga, reglugerða og samþykta sem um gæludýrahald kunna að gilda.

Eigendur hunda og katta skulu sjá til þess að dýr séu ormahreinsuð reglulega ekki sjaldnar en árlega. Ef sveitarfélag stendur fyrir árlegri ormahreinsun skal eigandi hunda og katta mæta með dýr sitt eða framvísa nýlegu ormahreinsunarvottorði ella.

Eigendum hunda, katta og annarra gæludýra er skylt að tryggja sig gegn tjóni sem dýr þeirra kunna að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum og skulu árlega framvísa til hlutaðeigandi sveitarfélags staðfestingu frá viðurkenndu tryggingafélagi þar um, falli dýr ekki undir hóprzyggingu sveitarfélagsins sem innifalin er í árgjaldi.

Eigendur hunda skulu greiða árlegt gjald fyrir hunda sína samkvæmt gjaldskrá sem hlutaðeigandi sveitarfélag setur í samræmi við ákvæði 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir

Eigendum og umráðamönnum hunda, katta og annarra gæludýra ber, eftir því sem framast er unnt, að sjá svo um að dýr þeirra valdi ekki hávaða, ónæði, óþrifnaði eða óhollustu.

Ef hundur, köttur eða annað gæludýr veldur nágrönnum eða öðrum itrekuðu ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða umráðamanni dýrsins að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt.

Um aðgengi dýra að tilteknum svæðum, húsnæði og almenningssamgöngutækjum gildir 43. grein reglugerðar 903/2024 um hollustuhætti. Þar er jafnframt kveðið á um heimild heilbrigðisnefndar til að veita heimild fyrir aðgengi dýra að svæðum, húsnæði og almenningssamgöngutækjum að uppfylltum skilyrðum. Á heimilum fólks svo sem dvalarheimili eða sambýli er heimilt að halda gæludýr eftir því sem rekstraraðilar ákveða í samræmi við ákvæði þessarar samþykktar.

III. KAFLI

Hundahald.

7. gr.

Skráningarskylda

Allir hundar eru skráningarskyldir hjá viðkomandi sveitarfélagi sem staðfest hefur samþykkt þessa. Skyld er að sækja um skráningu innan tveggja vikna frá því að hundur er tekinn inn á heimili. Hvolpa skal skrá eigi síðar en þegar þeir ná þriggja mánaða aldri. Hund skal skrá á nafn og heimili lögráða einstaklings sem hefur lögheimili í sveitarfélaginu. Viðkomandi einstaklingur er skráður eigandi hundsins og skal hundurinn haldinn á heimili eigandans. Útgefin skráning er óframseljanleg. Ekki er heimilt að skrá fleiri en tvo hunda á sama heimili nema rik ástæða liggja til grundvallar. Þegar það á við skal eigandi sækja um undanþágu, til að skrá fleiri hunda á heimili með rökstuðningi s.s. um ástæður, aðbúnað, færni umsjónaraðila til frekara hundahalds o.s.frv.

Hundar sem sótt er um skráningu fyrir skulu örmerktir af þeim sem er til þess hæfur samkvæmt reglugerð nr. 80/2016, um velferð gæludýra, og skal númer merkis skráð við skráningu hundsins. Eigandi ber ábyrgð á og kostnað af örmerkingu.

Dveljist hundur tímabundið í sveitarfélaginu lengur en tvær vikur skal skrá hann, en slík skráning skal þó ekki gilda lengur en í þrjá mánuði og er þá gjaldfrjáls. Skráning skal fara fram sem fyrst og ekki seinna en innan tveggja vikna frá því að hundur kom inn í sveitarfélagið. Um gestkomandi hunda sem skráðir eru tímabundið sem og óskráða hunda gilda öll ákvæði þessarar samþykktar.

Við skráningu hunds getur sveitarstjórn leitað umsagnar lögreglu, Matvælastofnunar, annarra sveitarfélaga og heilbrigðiseftirlitssvæða telji það ástæðu til.

8. gr.

Gögn sem þarf að framvísa við skráningu hunda

Umsókn um skráningu hunds skal berast í gegnum heimasíðu viðkomandi sveitarfélags og þá skulu eftirfarandi gögn lögð fram:

- Upplýsingar um heiti, fæðingardag, kyn, tegund og önnur einkenni hunds.
- Mynd af hundinum.
- Vottorð um einstaklingsmerkingu hunds, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra og 11. gr. reglugerðar nr. 80/2016, um velferð gæludýra.
- Staðfestingu á ormahreinsun hundsins.

Þegar sótt er um skráningu á hundi í fjöleignarhúsi gilda ákvæði laga nr. 26/1994, um fjöleignarhús.

Skilyrði fyrir skráningu hunds er að gögn skv. 1. mgr. hafi verið lögð fram af hálfu umsækjanda og skráningargjald greitt samkvæmt gjaldskrá sveitarfélags.

Eigandi hunds skal tilkynna sveitarfélagi skriflega innan mánaðar um aðsetursskipti eða dauða hunds.

Óheimilt er að halda hund í húsnæði þar sem enginn er búsettur.

Sveitarfélagi er heimilt að hafna beiðni um skráningu hunds ef umsækjandi hefur áður ítrekað gerst brotlegur gagnvart samþykkt um hundahald. Kjósi hann svo getur umsækjandi skotið synjun sveitarfélags um skráningu hunds til Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

9. gr.

Bannaðar hundategundir.

Bannað er að halda hunda af þeim tegundum sem óheimilt er að flytja til landsins samkvæmt ákvörðun ráðherra svo og blendinga af þeim, sbr. reglugerð nr. 935/2004, um innflutning gæludýra og hundasæðis. Enn fremur er bannað að halda blendinga af úlfum og hundum.

10. gr.

Skyldur eigenda og umráðamanna hunda.

Aðeins er heimilt að tjóðra hunda utandyra í undantekningartilvikum og þá einungis undir eftirliti í stuttan tíma í senn, sbr. reglugerð nr. 80/2016, um velferð gæludýra. Þegar hundur er í festi á lóð skal lengd festarinnar við það miðuð að þeir sem eiga réttmætt erindi inn á lóðina geti óhindrað farið um lóðina.

Hundar skulu ávallt bera ól með plötu um hálsinn með gleyptu skráningarnúmeri og símanúmeri eiganda.

Hundur skal aldrei ganga laus utan svæða sem eru þar til ætluð, heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum eða vera í tryggu gerði innan lóðar. Ef hundur sleppur skulu umráðamenn þegar gera ráðstafanir til að handsama hann.

Utan þéttbýlis er heimilt að sleppa hundi lausum undir eftirliti umsjónarmanns, án þess þó að gengið sé á rétt viðkomandi landeiganda. Sé hundur laus ber umsjónarmanni að tryggja að hann valdi ekki öðrum ónæði, skapi hættu eða óöryggi og hlýði innkalli. Lausir hundar mega þó ekki vera á íþróttasvæðum og leiksvæðum barna.

Eiganda eða umráðamanni hunds er ávallt skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.

Eiganda eða umráðamanni hunds er skylt að sjá til þess að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum, óþrifnaði, óöryggi eða verði mönnum til óþæginda á annan hátt, t.d. með stöðugu eða ítrekuðu gelti eða ýlfri.

Hafi eigandi eða umráðamaður hunds vitneskju um eða ástæðu til að ætla að hundurinn sé grimmur eða varasamur skal hann ávallt hafa hundinn mýldan utan heimilis.

11. gr.

Lausaganga hunda.

Hunda sem ganga lausir á almannafæri er heimilt að handsama og færa í dýrageymslu á vegum hlutaðeigandi sveitarfélags.

Sé skráður hundur handsamaður skal strax tilkynna eiganda um það og upplýsa hann um hvað vanræksla á að vitja hundsins getur haft í för með sér. Ef umráðamaður vitjar ekki dýrsins innan viku frá því að tilkynnt var um handsömun þess eða ef umráðamaður finnst ekki innan tveggja vikna er sveitarfélaginu heimilt að ráðstafa dýrinu eins og um hálfvillt dýr sé að ræða, sbr. ákvæði 24. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra. Áfallinn kostnaður greiðist af skráðum eiganda.

Sé hundur ekki skráður í sveitarfélaginu er óheimilt að afhenda hann fyrr en hann hefur verið skráður í samræmi við 7. gr. samþykktarinnar. Að aflokinni skráningu og gegn framvisun á staðfestingu greiðslu skráningargjalds og handsömunargjalds auk annars áfallins geymslukostnaðar, sbr. gjaldskrá sveitarfélagsins, getur eigandi hundsins fengið hann afhentan.

Hundur sem ekki er einstaklingsmerktur í samræmi við 22. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra, telst vera hálfvillt dýr. Komi til handsömunar á slíkum hundi er sveitarfélaginu heimilt að ráðstafa honum til nýs eiganda, selja hann gegn áföllnum kostnaði eða aflifa án bóta, þegar liðnir eru sjö sólarhringar frá handsömun.

12. gr.

Grimmir, varasamir og hættulegir hundar. Aflifun.

Hafi hundur bitið mann, skepnu eða gæludýr sem og ef hundur telst hættulegur, getur það leitt til aflifunar. Í slíkum tilfellum skal hundi tafarlaust komið fyrir í samþykktri dýrageymslu á meðan málið er rannsakað. Þá er eiganda veittur frestur til að andmæla ákvörðun um aflifun. Verði niðurstaða eftir rannsókn sú að aflifa eigi hundinn skal það gerð án bóta og skal eigandi dýrsins greiða allan kostnað vegna málsins s.s. aflifunarkostnað, kostnað vegna skapgerðarmats, vistunar hunds og annan kostnað sem hefur fallið til.

Samþykki skráður eigandi hunds ekki aflifun né að honum séu fundin önnur úrræði skal heilbrigðisnefnd taka ákvörðun um hvort fallist verði á kröfuna. Óski hundaeigandi þess getur hann lagt fram álit sérfróðs aðila, dýralæknis eða hundáþjálfara sem heilbrigðisnefnd viðurkennir, áður en ákvörðun um aðdrif hunds er tekin.

Meðan mál hunds er í skoðun er eiganda skylt að hafa hundinn í samþykktri dýrageymslu. Eigandi getur þó sótt um til heilbrigðisnefndar að fá að hafa hundinn á heimili sínu meðan málið er í skoðun gegn skuldbindingu um að hafa hundinn ávallt mýldan þegar hann er utandyra.

Allur kostnaður vegna skapgerðarmats og vistunar hunds skal greiddur af skráðum eiganda.

IV. KAFLI

Kattahald.

13. gr.

Kattahald í þéttbýli og dreifbýli

Allir kettir í þéttbýli eru skráningarskyldir hjá viðkomandi sveitarfélagi. Kettir í dreifbýli eru undanþegnir skráningar- og árgjaldi, en skylt er að framvísa til sveitarfélagsins númeri örmerkingar þeirra svo og árlegu vottorði um ornaheinsun. Kött skal skrá á nafn og heimili lögráða einstaklings sem hefur lögheimili í sveitarfélaginu. Viðkomandi einstaklingur er skráður eigandi kattarins og skal kötturinn haldinn á heimili eigandans. Útgefin skráning er óframseljanleg.

Skylt er að sækja um skráningu kattar í þéttbýli, innan tveggja vikna frá því að köttur er tekinn inn á heimili. Kettlinga skal skrá eigi síðar en þegar þeir ná þriggja mánaða aldri.

Við skráningu kattar getur hlutaðeigandi sveitarstjórn leitað umsagnar lögreglu, Matvælastofnunar, annarra sveitarfélaga og heilbrigðiseftirlitssvæða telji það ástæðu til.

Allir kettir í þéttbýli skulu örmerktir af þeim sem er til þess hæfur samkvæmt reglugerð nr. 80/2016, um velferð gæludýra. Kött skal halda á heimili eigandans og að óheimilt sé að halda fleiri en tvo ketti á hverju heimili. Beiðni um undanþágu, til að vera með fleiri ketti á heimili, skal fylgja rökstuðningur s.s. um ástæður, aðbúnað, færni umsjónaraðila til frekara kattahalds o.s.frv.

14. gr.

Gögn sem þarf að framvísa við skráningu kattar.

Umsókn um skráningu kattar skal berast viðkomandi sveitarfélagi og skulu eftirfarandi gögn lögð fram við skráningu:

1. Upplýsingar um heiti, fæðingardag, kyn, tegund og önnur einkenni kattar.
2. Mynd af kettinum.
3. Vottorð frá dýralækni um einstaklingsmerkingu kattar, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra og 11. gr. reglugerðar nr. 80/2016, um velferð gæludýra.
4. Vottorð frá dýralækni um ormahreinsun kattarins.

Þegar sótt er um leyfi til að halda ketti í fjöleignarhúsi gilda ákvæði laga nr. 26/1994, um fjöleignarhús. Skilyrði fyrir skráningu kattar er að gögn skv. 1. mgr. hafi verið lögð fram af hálfu umsækjanda og skráningargjald greitt samkvæmt gjaldskrá sem sveitarfélagið hefur sett. Skráðum eiganda kattar ber að tilkynna sveitarfélaginu skriflega innan mánaðar um aðsetursskipti eða dauða kattar.

Sveitarstjórn er heimilt að hafna beiðni um skráningu kattar ef umsækjandi hefur áður eða ítrekað gerst brotlegur við samþykkt um kattahald í sveitarfélaginu eða annars staðar.

Umsækjandi getur skotið synjun sveitarfélagsins um skráningu kattar til heilbrigðisnefndar Vesturlands.

15. gr.

Skýldur eigenda og umráðamanna katta.

Auk einstaklingsmerkingar skulu kettir bera hálsól með upplýsingum um heimilisfang eiganda og símanúmer. Kettir skulu ormahreinsaðir árlega.

Kattaeigendum ber að sjá til þess að högnar séu geltir og að læður séu gerðar ófrjóar eða hafðar á getnaðarvarnarpillu. Hægt er að sækja um undanþágu fyrir ræktunarketti til viðkomandi sveitarfélags. Þá þarf að skila inn staðfestingu dýralæknis á að viðkomandi uppfylli skilyrði og aðstæður til að sinna slíkri ræktun sbr. lög um velferð dýra og reglugerð um velferð gæludýra

Kattaeigendum og umráðamönnum ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, eftir því sem tók eru á, m. a. með því að hengja bjöllur á hálsólar katta og halda þeim innan dýra að næturlagi

16. gr.

Föngun katta.

Sveitarstjórn er heimilt að láta fanga ketti í eftirfarandi tilfellum:

1. Ef köttur er ómerktur, hvort sem er án hálsólar og/eða örmerkis
2. Ef ítrekað er kvartað undan ágangi katta á tilteknu svæði.
3. Ef köttur finnst innandyrá hjá nágrenna í leyfisleysi, á öðrum óheimilum stað, eða í fjöleignarhúsi, þar sem skortir tilskilið samþykki annarra íbúðareigenda.

Kettir sem fangaðir eru skulu færðir í dýrageymslu hlutaðeigandi sveitarfélags. Merktum köttum sem ekki er kvartað yfir en lenda í búrum skal þó sleppa lausum og skráðum eigendum tilkynnt um handsömunina og ástæður hennar.

Ef merktir kettir eru teknir úr umferð skv. 2. og 3. tölulið 1. mgr. skal það tilkynnt skráðum eigendum. Komi ítrekað til handsömunar á merktum ketti vegna ónæðis telst það vera brot á samþykkt þessari. Ef umráðamaður vitjar ekki dýrsins innan viku frá því að tilkynnt var um handsömun þess eða ef umráðamaður finnst ekki innan tveggja vikna er viðkomandi sveitarfélagi heimilt að ráðstafa dýrinu eins og um hálfvillt dýr sé að ræða, sbr. ákvæði 24. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra. Köttur, sem hefur verið handsamaður ítrekað, skal færður í dýrageymslu og því aðeins afhentur eiganda að öll skilyrði fyrir kattahaldi séu uppfyllt. Kattareigandi ber allan kostnað af handsömun, vörslu og fôðrun kattarins, sem og aflifun hans ef til hennar kemur samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins.

Köttur sem ekki er einstaklingsmerktur í samræmi við 22. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra, telst vera hálfvillt dýr. Í þeim tilvikum sem hálfvilltir kettir eru handsamaðir er sveitarfélagi heimilt að ráðstafa kettinum til nýs eiganda, selja hann gegn áföllum kostnaði eða aflifa án bóta eftir sjö sólarhringa frá handsömun.

Eigandi ómerktar kattar sem gefur sig fram skal því aðeins fá köttinn afhentan að hann hafi uppfyllt öll skilyrði samþykktar þessarar varðandi kattahald.

17. gr.

Aðgerðir gegn hálfvilltum köttum.

Meiriháttar föngun hálfvilltra katta í þéttbýliskjörnum skal auglýsa á vef sveitarfélags eða með öðrum áberandi hætti með a.m.k. viku fyrirvara og með tilmælum um að skráðum köttum sé haldið innan dýra. Eftir sjö sólarhringa frá handsömun er sveitarfélaginu heimilt að ráðstafa hálfvilltum ketti til nýs eiganda, selja hann gegn áföllum kostnaði eða aflifa án bóta.

V. KAFLI

Önnur gæludýr.

18. gr.

Gæludýr önnur en kettir og hundar.

Eigendum og umráðamönnum gæludýra annarra en hunda og katta er skylt að koma í veg fyrir að dýr þeirra sleppi úr haldi. Gerist það skal þegar gera ráðstafanir til að handsama dýrið.

Eigendur og umráðamenn gæludýra sem haldin eru utandyra, svo sem kanína eða annarra nagdýra, skulu sjá til þess að dýrin valdi ekki nágrönnum ama svo sem með hávaða, skemmdum eða óhreinindum. Skulu þeir tryggja að dýrin geti ekki nagað sig út úr búi eða aðhaldi.

Kanínur skulu einstaklingsmerktar skv. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra. Ómerktar kanínur eru skilgreindar sem hálfvillt dýr, við handsömun er sveitarfélaginu heimilt að ráðstafa hálfvilltum kaninum til nýs eiganda, selja fyrir áföllum kostnaði eða aflifa án bóta þegar liðnir eru sjö sólarhringar frá handsömun.

Commented [E4]: Ætti ekki að gera einhverja tilraun til finna umráðamann, sbr. 24. gr. laganna?

Commented [JSSR4]: Álit: Nei - Ómerkt dýr eru skilgreint sem hálfvillt dýr. Í Samþykkt þessari er gerð krafa um að kanínur seu einstaklingsmerktar. Það er því á ábyrgð eigar að sinna þeirri skyldu að einstaklingsmerkja dýrið ella sé þ skilgreint sem hálfvillt dýr við handsömun og farið með þa eftir því.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

19. gr.

Gjaldtaka.

Hlutaðeigandi sveitarstjórnnum er heimilt að innheimta skráningar- og eftirlitsgjöld í samræmi við gjaldskrá sem sveitarfélögin geta sett skv. 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Skráningargjald skal í fyrsta sinn greitt við skráningu dýrs og síðan árlega fyrirfram.

Gjöldunum er ætlað að standa undir kostnaði sveitarfélags við hunda-, katta og annað gæludýrahald og framkvæmd samþykktar þessarar. Í gjaldskránni skal koma fram hvað er innifalið í skráningargjaldi og upphæð handsómunar- og vörslugjalds vegna dýra sem ganga laus eða eru tekin í vörslu sveitarfélagsins vegna brota á samþykkt þessari.

Hundar sem notaðir eru við búrekstur á lögbýlum eru undanþegnir skráningargjaldi.

Hundar sem notaðir eru til löggæslu- eða björgunarstarfa sem og minkahundar og hjálparhundar eru undanþegnir gjöldum.

20. gr.

Þvingunarúrræði og afturköllun leyfa.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Eigendur eða umráðamenn gæludýra sem brjóta gegn ákvæðum samþykktar þessarar skulu jafnan sæta skriflegri áminningu af hálfu heilbrigðisnefndar og gefinn hæfilegur frestur til úrbóta.

Hlutaðeigandi sveitarfélagi er heimilt að afturkalla skráningu hunda ef vanhöld verða á ormahreinsun, tryggingum eða greiðslu gjalda sem og ef eigandi hunds eða kattar hefur brotið gegn samþykkt þessari. Ef upp koma sérstakar aðstæður þar sem héraðsdýralæknir telur þörf á að banna eða takmarka gæludýrahald í dreifbýli skal viðkomandi sveitarfélag fylgja því banni eftir.

Eiganda er skylt að greiða kostnað sem leiðir af brotum á samþykkt þessari.

21. gr.

Viðurlög og kærueimild.

Um viðurlög vegna brota á samþykkt þessari fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi laga, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

Um kærueimildir fer samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

22. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma falla úr gildi samþykktir um gæludýrahald hjá þeim sveitarfélögum sem hafa verið með gildar samþykktir um hundahald, kattahald og/eða annað gæludýrahaldi á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þeim sem halda fleiri hunda en tvo þegar samþykktin tekur gildi er skylt að skrá þá innan þriggja mánaða og hafa þeir þá heimild til að halda þá hunda á heimili sínu á meðan þeir lifa. Skal eigandi skila inn gögnum

sem og um beiðni um undanþágu væri að ræða, til að vera með frekari fjölda hunda á heimili, skal fylgja rökstuðningur s.s. um ástæður, aðbúnað, færni umsjónaraðila til frekara hundahalds o.s.frv.

II.

Þeim sem halda fleiri ketti en tvo þegar samþykktin tekur gildi er heimilt að halda þá ketti á heimili sínu á meðan þeir lifa. Skal eigandi skila inn beiðni um undanþágu til að vera með frekari fjölda katta á heimili, henni skal fylgja rökstuðningur s.s. um ástæður, aðbúnað, færni umsjónaraðila til frekara kattahalds o.s.frv.